

N. L. 1—6—7, 10, 14, 16 og 19, og N. L. 1—9—14. allar gr. sbr. við kgsbr. 2. maí 1732. tilsk. 19. ág. 1735, 10 gr. og kgsbr. 19. des. 1749, um áfrýjunarfesti, tilsk. 7. júní 1760, um áfrýjun sakamála til hæstarjettar Danmerkur, tilsk. 1. des. 1797, um málskot frá prestastefnum, tilsk. 11. júlí 1800, um landsyfirdóminn, 1.—18, 21 og 22. gr., opið brjef 2. júní 1819, um áfrýjunarleyfi, tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr., ákvæðið um áfrýjunarfrest, tilsk. 24. jan. 1838, 16. gr. Lög nr. 19, 2. okt. 1895, 3. gr., um stefnur til hæstarjettar Dana í skiftamálum, lög nr. 15, 20. okt. 1905, um stefnufrest til hæstarjettar Danmerkur, og lög nr. 32, 20. okt. 1905, með viðaukal. nr. 17, 20. okt. 1913, um málfutningsmenn fyrir landsyfirdómi, svo og önnur ákvæði, sem lög þessi brjóta bág við.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 6. október 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon

Bráðabirgðalög

Nr. 23
5. nóv.

um

heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Ráðherrann í dóms- og kirkjumálum hefir tjáð Oss, að til landsins hafi nú flust nokkuð af brúkuðum fatnaði, og að hann verði, eins og á stendur, þar sem skæðar farsóttir ganga hjer og hvar, að telja innflutning brúkaðs fatnaðar og ýmislegs annars varnings hættulegan fyrir heilbrigði í land-

Nr. 23 inu. En ráðherra telur sig breyta heimild til að setja alment bann í þessu efni 5. nóv. Teljum Vjer því brýna nauðsyn að heimila ríkisstjórninni, með bráðabirgðalögum samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, að banna innflutning ýmislegs varnings, er stjórnin telur að sýkingarhætta stafi af.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að banna flutning til landsins á brúkuðum fatnaði, líni og sængurfatnaði, dulum, brúkuðu vatti, hnökraull, pappírsafklippum, hári, húðum og öðrum þeim varningi, er stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 5. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.